

Greiðslur í sjóðinn miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádregnu verðbili.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 2. október 1978.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Kristín Magnússon.*

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 89 27. júní 1962 um takmörkun leigubifreiða á Akranesi og um ráðstöfun atvinnuleyfa.**

### 1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tala allt að 8 farþega leigubifreiða til mannflutninga á Akranesi skal á hverjum tíma miðuð við íbúatölu Akraness, þannig, að ein leigubifreið komi á hverja 500 íbúa, sem lögheimili eiga á Akranesi samkvæmt nýjustu skýrslum Hagstofu Íslands.

Þrátt fyrir ofanritað skulu atvinnuleyfin aldrei vera færri en 10.

Þegar rétt hlutföll eru fengin milli tölu leigubifreiða og íbúatölu, skal veita atvinnuleyfi í stað hvers leyfis, er losnar, svo og vegna fólksfjölgunar, eitt leyfi fyrir hverja 500 íbúa.

Atvinnuleyfi skulu að jafnaði veitt frá og með 1. júní ár hvert, ef veita skal þau samkvæmt framanskráðu.

### 2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 36 9. maí 1970 staðfestist hér með og birtist til eftirbreytni öllum þeim er hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 9. október 1978.*

**Ragnar Arnalds.**

*Birgir Guðjónsson.*

## REIKNINGUR

**Gjöf Jóns Sigurðssonar.**

### Tekjur:

Eign 1. janúar 1977:

Veðdeildarbréf Landsbanka Íslands Litra A nr.

1324 og 1327 17. fl. .... kr. 2000

+ óhafnir vextir 1976 ..... — 100

Sparisjóðsinnst. í Landsbanka Íslands ..... — 111 803

kr. 113 903